



Smásöluvísitala Rannsóknaseturs verslunarinnar:

Lítill breyting í matarinnkaupum

Landsmenn endurnýja hjá sér húsgögn og heimilistæki sem aldrei fyrr. Í mars var sala á húsgögnum rúmlega fjórðungi meiri en í sama mánuði í fyrra. Sala á raftækjum jókst um næstum 40% frá mars í fyrra. Mest aukning var í sölu minni raftækja, svokallaðra brúnna raftækja um 59% og í sölu snjallsíma um 52%.

Á fyrstu þremur mánuðum ársins var raunvelta dagvöruverslana jöfn veltu fyrstu þriggja mánaða síðasta árs, sem felur í sér að magn innkaupa er jafn mikið á báðum tímabilunum. Þannig verður ekki séð að átt hafi sér stað samdráttur á matarinnkaupum í kjölfar hækkunar virðisaukaskatts á matvæli um síðustu áramót og heldur ekki aukning sem hefði e.t.v. orðið ef ekki hefði komið til skattahækkunin.

Í mars jókst velta dagvöruverslana um 0,8% frá sama mánuði í fyrra að raunvirði. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir vikudaga- og árstíðabundnum þáttum kemur í ljós um 3% samdráttur frá mars í fyrra, sem líklega ræðst af áhrifum páska sölu. Páskar voru í byrjun apríl í ár og ætla má að fólk hafi byrjað matarinnkaup fyrir páska þegar í lok mars en mun seinna í fyrra. Verð á dagvöru er nú 0,9% hærra en var fyrir ári síðan.

Svo virðist sem lækun vörugjalda á raftæki hafi enn frekar aukið sölu þeirra eftir áramótin. Á fyrstu þremur mánuðum ársins jókst sala raftækja, þar með taldra snjallsíma og tölva, um 34% að raunvirði. Verð raftækja er nú 13,5% lægra en í fyrra.

Lítill en jafn vöxtur er í byggingavöruverslun og virðist vörugjaldalækkunin ekki koma fram þar með sama hætti og í raftækjum. Á fyrstu þremur mánuðum ársins jókst velta byggingavöruverslana um 3% að raunvirði og verð lækkaði um tæplega 2% á síðustu 12 mánuðum.

Greiðslukortavelta heimilanna jókst um 8,7% í mars frá sama mánuði í fyrra og erlend greiðslukortavelta hér á landi jókst um 42,5% samkvæmt tölum Seðlabankans. Þessi aukna kortavelta ásamt öðrum vísbendingum telja greiningaraðilar merki um aukna einkaneyslu.

mar.15	Breytilegt verðlag		Fast verðlag		Fast verðlag, árstíðaleiðrétt	
	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári
Dagvara	12,2%	1,6%	12,3%	0,8%	-2,2%	-2,9%
Áfengi	8,3%	4,9%	8,1%	5,9%	0,2%	3,3%
Föt	20,9%	1,4%	11,1%	4,1%	2,0%	7,8%
Skór	20,6%	-4,7%	8,9%	-5,0%	-7,0%	-4,9%
Húsgögn	56,6%	20,0%	54,5%	24,6%	23,1%	24,7%
Byggingavörur	10,0%	0,5%	10,3%	2,4%		
Raftæki	13,3%	20,7%	13,9%	39,4%		
Raftæki - Hvít vara	22,3%	17,1%	24,2%	34,4%		
Raftæki - Brún vara	12,8%	34,6%	11,7%	58,6%		
Raftæki - Farsímar	9,3%	31,4%	9,2%	52,2%		
Raftæki - Tölvur	10,5%	6,1%	9,9%	18,4%		

Veltuvísitala eftir vöruflokkum

Velta í dagvöruverslun jókst um 0,8% á föstu verðlagi í mars miðað við sama mánuð í fyrra og jókst um 1,6% á breytilegu verðlagi. Leiðrétt fyrir vikudaga- og árstíðabundnum þáttum minnkaði velta dagvöruverslana í mars um 2,9% frá sama mánuði árið áður. Verð á dagvöru hækkaði um 0,9% á síðastliðnum 12 mánuðum.

Sala áfengis jókst um 5,9% í mars miðað við sama mánuð í fyrra á föstu verðlagi og um 4,9% á breytilegu verðlagi. Leiðrétt fyrir vikudaga- og árstíðabundnum þáttum jókst velta áfengis í mars um 3,3% frá sama mánuði í fyrra. Verð á áfengi var 0,9% lægra í mars síðastliðnum en í sama mánuði í fyrra.

Fataverslun jókst um 4,1% í mars miðað við sama mánuð í fyrra á föstu verðlagi og jókst saman um 1,4% á breytilegu verðlagi. Verð á fötum var 2,6% lægra í mars síðastliðnum en í sama mánuði í fyrra.

Velta skóverslunar minnkaði um 5,0% í mars á föstu verðlagi og minnkaði um 4,7% á breytilegu verðlagi miðað við sama mánuð í fyrra. Verð á skóm hækkaði í mars um 0,4% frá mars í fyrra.

Velta húsgagnaverslana var 24,6% meiri í mars en í sama mánuði í fyrra á föstu verðlagi og jókst um 20,0% á breytilegu verðlagi. Velta sérverslana með rúm jókst um 18,7% frá því í fyrra á föstu verðlagi. Velta sérverslana með skrifstofuhúsgögn jókst um 13,0% á föstu verðlagi. Verð á húsgögnum hefur lækkað um 3,7% á síðustu 12 mánuðum.

Verslun með byggingavörur jókst í mars um 2,4% á föstu verðlagi og um 0,5% á breytilegu verðlagi. Verð á byggingavöru lækkaði um 1,8% á síðustu 12 mánuðum.

Velta í sölu á tölvum jókst um 18,4% í mars á föstu verðlagi miðað við sama mánuð í fyrra og farsímasala jókst um 52,2%. Sala minni raftækja, svokallaðra brúnvara, jókst um 58,6% á föstu verðlagi en sala stærri raftækja, svokallaðra hvítvara, jókst um 34,4% á milli ára. Verð á raftækjum lækkaði á síðustu 12 mánuðum um 13,5%.

Nánari upplýsingar veita Árni Sverrir Hafsteinsson (arni@bifrost.is) og Emil B. Karlsson (emil@bifrost.is), forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar í síma 822 1203